

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Jón Bjarnason

8. júlí 2010

Það eru Landssambandi smábátæigenda mikil vonbrigði að ekki hafi verið bætt við veiðiheimildir á yfirstandandi fiskveiðarári. LS hefur reglulega, það sem af er ári, hvatt til þess og fært máli sínu til stuðnings mikil og góð rök sem bæði hafa verið byggð á upplýsingum frá sjómönnum¹ og skírskotun í ástandsskýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar.²

Þá hefur LS einnig bent á leiðir sem hægt væri að fara til að nýta ýsuna betur, en nú hefur komið á daginn, eins og félagið spáði, að þúsundir tonna koma ekki til verðmæta með veiðum á fiskveiðarárinu sem lýkur 31. ágúst nk.^{3 4}

Bent skal á að meðalverð á óslægðri ýsu á fiskmörkuðum í júní sl. var 306 kr/kg. Samkvæmt því er aflaverðmæti 10 þús. tonna rúmir 3 milljarðar og áætlað útflutningsverðmæti því 6 milljarðar, sem er tvisvar sinnum meira en útflutningsverðmæti loðnuafurða 2009.

Landssambandið ítrekar hér með öll þau erindi sem það hefur látið frá sér til yðar varðandi aukningu veiðiheimilda. Þar með talið sem fram kom á samráðsfundi yðar með hagsmunaaðilum 17. mars sl. og meðal annarra upplýsinga kom fram að HAFRÓ hafði ekki enn gert mælingar né rannsóknir á Grænlandsgöngum þorsks á undanförunum árum.

Frá því framangreint var sent frá LS hefur ástandsskýrsla Hafró og ráðgjöf fyrir fiskveiðarárið sem hefst 1. september nk. litið dagsins ljós. Stjórn Landssambands smábátæigenda hefur yfirfarið tillögur stofnunarinnar og telur að þar komi ekkert fram sem veikir sjónarmið LS, þvert á móti eru þar

¹ Krafa um að auka þorskvótann um 70 þús. tonn
<http://www.smabatar.is/2009/09/krafa-um-a-auka-orskkvotann-um.shtml>

² Ályktun stjórnar LS 19. apríl sl.
<http://www.smabatar.is/2010/04/stjorn-ls-maelingar-hafro-a-gr.shtml>

³ Bréf dagsett 29. september 2009

⁴ Grein eftir Örn Pálsson: Hvar er ýsan? Er kvótamarkaður með veiðiheimildir innan ársins að lognast út af?
<http://www.smabatar.is/2010/07/hvar-er-ysan-er-markaur-me-vei.shtml>

atriði sem styrkja þau. Með hliðsjón af þeim og sjónarmiðum félagsmanna hvetur LS yður til ákvörðunar um aukinn heildarafla. Í töflunni sem hér fylgir gefur að líta tillögur LS að heildarafla á næsta fiskveiðarári, ásamt nokkrum samanburðartölum:

	Tillögur LS	Tillaga HAFRÓ 2010/2011	FRÁVIK LS og Hafró	Leyfilegur heildarafli 2009/2010	Tillaga HAFRÓ 2009/2010
Þorskur	200 þús tonn	160.000	33%	150.000	150.000
Ýsa	70 þús tonn	45.000	11%	63.000	57.000
Ufsi	65 þús tonn	40.000	30%	50.000	35.000
Steinbítur	13 þús tonn	8.500	8%	12.000	10.000
Langa	9.000 tonn	7.500	29%	7.000	6.000
Keila	7.500 tonn	6.000	36%	5.500	5.000

Þorskur - stjórn LS bendir á að tillaga Hafrannsóknastofnunarinnar á yfirstandandi fiskveiðarári var 150 þúsund tonn sem er rúmum fimmtungi meira en tillögur stofnunarinnar voru á fiskveiðarárinu 2008/2009. Það þarf kannski ekki að vekja athygli hafi aflinn það árið verið nálægt tillögum stofnunarinnar. Því var ekki til að dreifa þar sem hann endaði í 176.937 tonnum, sem er 43% umfram tillögur stofnunarinnar. Það ætti því að vekja sérstaka eftirtekt að stofnunin skuli nú reikna sig til ráðgjafar upp á 160 þús. tonn og það þrátt fyrir að 20% aflareglu sé fylgt.


Stjórn Landssambands smábátæigenda er einhuga um að skora á yður að heimila 200 þús. tonna heildarafla í þorski á komandi fiskveiðarári.

Stjórn LS telur að nú eins og undanfarin ár sé Hafrannsóknastofnunin að vanmeta stærð þorskstofnsins. Ágæt þorskveiði frá aldamótum rennir stoðum undir það. Þegar tekið er mið af línuveiðum hafa þær gengið afar vel um langt árabíl. Þess eru mýmörg dæmi að veiði á hvert bjóð sé margföld í samanburði við hvað þekktist þegar þorskstofninn var, samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunarinnar, miklu stærri en nú.

Reynsla langflestra innan smábátaútgerðarinnar – og fjölmargra utan hennar raða – er að staða þorsstofnsins sé óvanalega góð og vel hafi tekist til við uppbyggingu hans.⁵

Ástandsskýrsla Hafró 2010 staðfestir skoðanir sjómanna. Ráðgjöfin á sl. ári byggði á að viðmiðunarstofn í ársbyrjun 2009 væri um 700 þús. tonn og yrði kominn í 722 þús. tonn 2010. Nú boðar Hafró hins vegar að hann sé 793 þús. tonn (13% - 91 þús. tonn) og 846 þús. tonn (17,2% - 124 þús. tonn) á þessum tíma, en þann styrk var ætlað að ná (færu stjórnvöld eftir tillögum stofnunarinnar) 2011 og 2012.

Mynd úr Ástandsskýrslu Hafró 2009




Stofnunin gerir ráð fyrir áframhaldandi vexti veiðistofns, hann verði kominn í 902 þús. tonn 2011, sem er 140 þús. tonnum meira en gert var ráð fyrir í ráðgjöf stofnunarinnar fyrir ári síðan.

Varðandi hrygningarstofninn eru einnig ánægjuleg tíðindi, hann verði kominn í 325 þús. tonn 2011, en gert var ráð fyrir að það mark næðist ekki fyrr en 2013. Nú er hann metinn 300 þús. tonn en í fyrra var gert ráð fyrir að hann yrði kominn í 239 þús. Mat Hafró á stærð hrygningarstofnsins í dag svarar því til fjórðungsaukningar umfram það sem búist var við.

⁵ Mat LS á niðurstöðum togararallsins - gott ástand á þorskinum
<http://www.smabatar.is/2010/04/mat-ls-a-niurstoum-togaraalls.shtml>

Mynd úr Ástandsskýrslu Hafró 2009



Framangreindur mismunur úr skýrslum Hafró er tekinn saman í töflunni hér að neðan.

Samanburður á mælingum veiði- og hrygningarstofns	Veiðistofn			Hrygningarstofn		
	2009	2010	2011	2009	2010	2011
Skýrsla Hafró 2009	702	722		223	239	
Skýrsla Hafró 2010	793	846	902	254	300	325

Miðað við þessar upplýsingar kemur það verulega á óvart að stofnunin skuli ekki gera tillögu um hækkun á aflareglu og í kjölfarið leggja til 200 þús. tonna veiði á þorski á næsta fiskveiðiári.

Fram kemur í skýrslunni að yrði það gert muni hrygningarstofn verða 315 þús. tonn 2011 og 333 þús. tonn 2012. Aukning yrði einnig á veiðistofni hann færi úr 902 þús. tonnum 979 þús. tonn.

Ýsa - smábátæigendur greina smávægilega minnkun á ýsu, sem skýrir tillögu LS um að veiðiheimildir verði lækkaðar um rúm 12% frá tillögu félagsins fyrir yfirstandandi fiskveiðiár, verði 70 þúsund tonn. Tillaga Hafrannsóknastofnunarinnar kemur félaginu ekki á óvart, hún endurspeglar vel mikinn samdrátt í ýsuafli togara. Togararallið nær hins vegar lítið sem ekkert til veiðislóða smábáta þar sem ýsa veiðist sem aldrei fyrr.

Að mati sjómanna er ástandið á ýsunni afar gott og góð dreifing á stærð hennar. Þá hefur fjöldi skyndilokana fjórfaldast milli ára sem bæði helgast af breyttum viðmiðunarmörkum og sterkum uppvaxandi árgöngum.

Stjórn LS ítrekar áhyggjur sínar á veiðum dragnótabáta og togara við Suðurland, telur að þær séu varhugaverðar og beinir því til yðar að færa þær fjær landi.

Ufsi - ekkert lát er á mikilli ufsagengd og tekur tillaga LS um 65 þús. tonna heildarafla í ufsa að mestu mið af því. Einnig bendir félagið á að ufsi er flökkufiskur og því erfitt að byggja ráðgjöf á mælingum eins og Hafrannsóknastofnunin leggur til grundvallar ráðgjöf sinni.

Steinbítur - góð veiði hefur verið á steinbít undanfarin ár.

Smábátæigendur merkja ekki minnkandi afla á hverja sóknareiningu. Þá er eftirtektarvert að útbreiðslusvæði steinbíts er enn að stækka og veiðist hann nú víðar heldur en undanfarin ár.

Stjórn LS telur að mælingar Hafrannsóknastofnunarinnar hafi ekki þróast í takt við hina auknu útbreiðslu.

Landssamband smábátæigenda vill á þessum vettvangi hvetja yður til að stækka friðunarsvæði á Látragrunni, þannig að steinbítur á hrygningarslóð verði friðaður yfir hrygningar- og klaktíma.

Langa og keila - stjórn LS leggur til að heildarafli í löngu og keilu verði aukinn eins og fram kemur í töflu hér að framan. Sérstaklega á þetta við löngu sem er dreifð út um allan sjó og því að afar erfitt er forðast sem meðafli.

Lokaorð - Landssamband smábátaeigenda leggur þunga áherslu á að tekið verði tillit til tillagna félagsins við ákvörðun um heildarafla á komandi fiskveiðiári og þar verði þorskur ekki undanskilinn eins og verið hefur.

Virðingarfyllst,

Örn Pálsson framkvæmdastjóri